

Sp.

532. Fyrirspurn

[266. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuflutning til Vesturlands.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvaða þátt á sú bilun, sem verið hefur á rafmagnssæstrengnum yfir Hvalfjörð frá 23. des. s. l. í þeim rafmagnstruflunum sem verið hafa á Vesturlandi undanfarið?
2. Eru fleiri ástæður en veðurfar, sem komið hafa í veg fyrir viðgerð á Hvalfjarðarstrengnum?
3. Hvaða áætlanir eru til um nýjar flutningslínur raforku til og um Vesturland?
4. Hvernig verður brugðist við og aflað raforku fyrir Vesturland, ef bilanir verða á línunni frá Geithálsi að Vatnshömrum í Borgarfirði? Er þá t. d. búnaður til staðar til að fá raforku frá Norðurlandi á vestursvæðið?